

Skipulagsstofnun  
B.t. Jakob Gunnarsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Hella 22. mars 2019  
UST201902-307/J.S.J.  
10.04.03

## **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka - Rauðamel á Reykjanesi**

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar, dags. 22. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu ofangreindrar framkvæmdar skv. 10. gr. laga nr. 106/2000 og 24. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

### **Framkvæmdalýsing**

Samkvæmt frummatsskýrslu ráðgerir framkvæmdaaðili að taka efni úr hluta Rauðamels á Reykjanesi, samtals 10 milljón m<sup>3</sup> af perlumöl. Úr landi Reykjanesbæjar verða teknir 6 milljón m<sup>3</sup> og úr landi Járngerðastaða og Hóps um 4 milljón m<sup>3</sup>. Fyrirhugað efnisvinnslu svæði er um 132 ha að stærð en Rauðimelur allur telur um 500 ha. Áætlað er að efnistaka verði stunduð til a.m.k. ársins 2038.

Umhverfisstofnun tiltók í umsögn sinni 17. apríl sl. þar sem óskað var umsagnar stofnunarinnar um tillögu að matsáetlun fyrir fyrrgreinda efnistöku í Rauðamel, að gera ætti grein fyrir hvaða valkostir séu fyrir hendi varðandi önnur efnistökusvæði þannig unnt verði að meta kosti frekari efnistöku samanborið við efnistöku á öðrum stað eða stöðum. Í frummatsskýrslu framkvæmdaraðila er ekki telft fram öðrum valkosti en núllkost. Að sögn framkvæmdaaðila myndi stöðvun efnistöku úr Rauðamel fela efnistöku úr öðrum nánum, líklega opnun á nýjum nánum.

### **Umhverfisáhrif**

#### **Jarðmyndanir**

Hluti þess svæðis sem um ræðir er á náttúruminjaskrá nr. 106 Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg. Þar er stórbrotin jarðfræði, m.a. gígaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, ásamt fjölda gjáa, sprungna og hrauntjarna. Allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður, sérstæð volg sjávartjörn. Vandséð er hvert verndargildi Rauðamels er eftir áratuga efnistöku og annað rask.

Búið er að raska stórum hluta þess svæðis sem fyrirhugað er að nýta með efnistöku, akstri utan vega og greftri á könnunarholum fyrir framtíðar efnistöku. Fyrirhugað vinnslusvæði

er að litlu leiti inn á vernduðu svæði en inn á svæðinu er ekki að finna jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


### Vatnsvernd

Fyrirhugað efnistökusvæði er skilgreint á fjarsvæði vatnstökusvæðis en í grennd við mörk grann- og fjarsvæðis. Verklag í frummatsskýrslu miðar að draga úr líkum á að olíuefni berist í jarðveg frá vinnuvélum. Umhverfisstofnun telur brýnt að í leyfum og við rekstur námunnar verði allri starfsemi hagað á þann hátt að lágmarka líkur á að olía og önnur mengunarefni berist í jarðveg.

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að áhrif efnistöku í Rauðamel sé að mestu fram komin. Jarðmyndunin er það skert eftir efnistöku og rask að sá hlutur sem fyrirhugað er að nýta hefur lítið verndargildi sem slíkt. Umhverfisstofnun telur mikilvægt varðandi framtíð annarra jarðminja í næsta nágrenni að sá tími sem gefst meðan efnistaka stendur yfir verði nýttur til að finna efnistökusvæði sem leyst geta núverandi svæði af hólmi án þess að skerða hluta Reykjaneshryggjar sem enn er óraskaður.

Umhverfisstofnun telur brýnt að stand vel að frágangi þeirra efnistökusvæða sem lokið er við að nýta. Stofnunin bendir á að leiðbeiningar um efnistöku, frágang og uppgræðslu er að finna á vefsíðunni [www.namur.is](http://www.namur.is), sem haldið er úti af Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Landsvirkjun o.fl. aðilum. Þær leiðbeiningar geta nýst við efnistöku, frágang og uppgræðslu þeirra náma sem notaðar verða.



Jón Smári Jónsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur